



Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennarar: Margrét Lára Eðvarðsdóttir

Tímafjöldi: 2 x 40 mínútur á viku.

Námstögn: Hönnun og verkleg vinna, innlögn og stuðningur af námsefni eftir því sem þurfa þykir.

Verkefni og skipulag kennslu:

Í upphafi skólaárs er farið yfir öryggis- og umgengiseglur í smíðastofunni. Helstu verkfæri kynnt og hvað smíðastofan hefur upp á að bjóða.

Skylduverkefni eru tvö annars vegar hreyfileikfang úr efnivið að eigin vali, þar sem ýmiskonar útfærslur eru í boði. Unnið er eftir teikningu og eigin hönnun gerð að leikfangi með hreyfi og tæknimöguleika.

Verkefni í tálgun er annað skylduverkefni nemenda, þar sem þau tálga verkefni að eigin vali, þau læra bæði að tálga að sér og frá. Margar útfærslur eru til að tálguðum verkefnum til dæmis smjörhnífur.

Sjá meðfylgjandi verklýsingu: <http://www.skogur.is/media/verkefnabanki-lis/Smjorhnifur.pdf>

Þá hafa nemendur möguleika á að vinna nokkur smærri verkefni þar sem hugmyndaauðgi og sköpunarhæfileikar þeirra fá að njóta sín.

Unnin verður verkfærakönnun í lok skólaárs, úr þeim verkfærum sem notuð hafa verið.

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla: *Tjáning og miðlun – Skapandi og gagnrýnin hugsun – sjálfstæði og samvinnu - Nýtingu miðla og upplýsinga – Ábyrgð og mat á eigin námi.*

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex:

Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun.

Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Handverk	Nemandi getur <ul style="list-style-type: none">• valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,• gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.	Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni.	Námsmat er símat og felur í sér könnun á verkviti, þekkingu á efnum og færni í notkun verkfæra. Verkfærakönnun er lögð fyrir í lok annar. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvenær frágangur telst vandaður og mikilvægi góðrar



			umgengni á smíðastofunni.
Hönnun og tækni	<p>Nemandi getur</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu, • lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð, • valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum, • hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum, 	<p>Nemandi öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómsundur eða heimilishald með verklegri vinnu, hönnun og teikningu.</p> <p>Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra.</p>	<p>Metnir eru verkþættir sem lúta að hönnun og skilningur nemenda á skipulagningu vinnu, hönnunarferli og gerð áætlana. Einnig er lögð áhersla á að meta tæknilegt innsæi nemenda og skilning. Farið er yfir vinnubók nemenda og vinnuteikningar.</p>
Umhverfi	<p>Nemandi getur</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni, • gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra, • útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað. 	<p>Áhersla er lögð á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.</p> <p>Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt. Kennarar nota efni úr nærumhverfi og nýta íslenska skóginn þar sem þess er kostur.</p>	<p>Metinn er skilningur nemenda á tengslum umhverfisins við verkleg störf og kemur það m.a. fram í efnisvali. Lögð er áhersla á að nemendur kunni rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.</p>



--	--	--	--

Kennsluskipulag í smíði - 7.bekkur haustönn 2018

Vikan	Viðfangsefni	Annað
20.08-24.08	Kynning á smíðastofu ofl.	Skólasetning 23.08
27.08-31.08	Innlögn verkefna vetrarins / útikennsla.	
03.09-07.09	Tálgun – viður klofin - smjörhnífur	
10.09-14.09	Tálgun – smjörhnífur.	
17.09-21.09	Tálgun – smjörhnífur.	
24.09-28.09	Frjálst verkefni	Samræmd próf
01.10-05.10	Frjálst verkefni.	
08.10-12.10	Innlögn – teikning/hönnun hreyfileikfang.	
15.10-19.10	Hreyfileikfang.	Vetrarleyfi 18.-19.10
22.10-26.10	Hreyfileikfang.	Starfsdagur 22.10
29.10-02.11	Hreyfileikfang.	
05.11-09.11	Hreyfileikfang.	Foreldraviðtöl 5.11
12.11-16.11	Hreyfileikfang.	
19.11-23.11	Hreyfileikfang /Frjálst verkefni	
26.11-30.11	Frjálst verkefni – Jólagjafir.	
03.12-07.12	Frjálst verkefni – Jólagjafir.	
10.12-14.11	Frjálst verkefni – Jólagjafir.	
17.12-20.12	Jólabema.	Jólafrí 20.12
01.01-04.01	Frjálst verkefni.	Jólafrí til 04.01
11.01-15.01	Verkfærakönnun /Verkefni kláruð.	
18.01-22.01	Lokafrágangur.	Annarlok

Lokanámsmat: Símat er á hönnun og vinnu nemenda yfir önnina. Verkfærakönnun er hluti af vinnubókareinkunn. Metið er í litum; rauðum, gulum,grænum og bláum í símati og lokaeinkunn er gefin í A, B+, B, C+, C, og D og skráð í Mentor.

Ástundun = Vinna í tíma, mæting og frágangur 25%

- Þessir þættir eru metnir með símati og teknir inn í námsmat verkefna.

Vinna = Smíðaverkefni, verklýsingar og vinnubók 75%

Vinnubók 10% Tálgun 25% og Hreyfileikfang 40%

- Þessir þættir eru metnir út frá metanlegum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og birtast í Menor.